



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGS- OG MANNVÍSINDAEILD



MA Í AÐFERÐAFRÆÐI
www.felagsogmannvisindaeild.hi.is



MARKMIÐ

Námsleiðin felur í sér markvisst nám á framhaldsstigi í aðferðafræði og rannsóknaraðferðum félagsvísinda. Markmið námsins eru þrjú. Í fyrsta lagi að nemendur nái tókum á helstu hugtökum aðferðafræðinnar og geti hagnýtt þau í framkvæmd rannsókna sem styðjast við aðferðir félagsvísinda og í mati á gæðum slíkra rannsókna. Í öðru lagi að nemendur kynnist helstu rannsóknaraðferðunum og geti metið styrkleika þeirra og takmarkanir með hliðsjón af fjölbreyttum rannsóknarspurningum og viðfangsefnum félagsvísindanna. Í þriðja lagi að nemendur fái haldbæra þekkingu á og reynslu af úrvinnslu bæði tölulegra gagna og eigindlegra gagna og framsetningu niðurstaðna.

VIÐFANGSEFNI

Nemendur taka námskeið í almennum rannsóknaraðferðum og fá reynslu af því að lesa og leggja gagnrýnið mat á rannsóknir félagsvísindafólks. Jafnframt taka nemendur hagnýt námskeið þar sem þeir fá reynslu af því að beita sértækum tölfræðiaðferðum til að greina töluleg gögn (t.a.m. gögn sem safnað er með spurningalistum). Auk þess eru sértæk námskeið í tilteknum aðferðum, svo sem spurningalistakönnunum, djúpvíðtölum og rýnihópum. Í lok námsins vinna nemendur meistaraverkefni þar sem þeir nota tiltekna aðferð til þess að skoða viðfangsefni sem tengist þeirra eigin áhugasviði innan félagsvísinda eða skyldra greina.

HAGNÝTT NÁM

Meistaránám í aðferðafræði er í senn hagnýtt og byggir á traustum fræðilegum grunni. Áhersla er á að nemendur geti beitt rannsóknaraðferðum félagsvísinda á faglegan og sjálfstæðan hátt að námi loknu, bæði í vinnu og áframhaldandi námi.

Meistaránám í aðferðafræði nýtist víða í atvinnulífinu, bæði í einkageiranum og hjá hinu opinbera. Hluti af starfi fyrirtækja og stofnana felst í að safna gögnum og upplýsingum sem stundum eru vannýtt. Því er víða þörf fyrir fólk sem getur skipulagt rannsóknir og safnað gögnum og greint þau á faglegan hátt. Þegar taka þarf upplýstar ákvarðanir í stefnumótun, rekstri og áætlunargerð er greining gagna og túlkun niðurstaðna mikilvæg hæfni. Aðferðafræði félagsvísinda gagnast einnig þegar leitað er nýrra tækifæra í rekstri fyrirtækja og stofnana.

Námið veitir afar góðan grunn fyrir þá sem ætla sér í doktorsnám í félagsvísindum, heilbrigðisvísindum og tengdum greinum. Þjálfun í rannsóknarvinnu, tölfræðigreiningu, eigindlegum aðferðum og framsetningu niðurstaðna er mikilvægur undirbúningur fyrir rannsóknarvinnu í doktorsnámi.

INNTÖKUSKILYRÐI

Námið er hýst í námsbraut í félagsfræði í Félags- og mannvísindadeild. Aðgangskröfur að meistaranáminu eru þær sömu og fyrir almennt meistaranám í félagsfræði. Nemendur skulu hafa lokið BA-, B.Ed-, BS-, prófi frá Háskóla Íslands eða sambærilegu námi með fyrstu einkunn. Jafnframt er gerð krafa um að nemendur hafi lokið inngangsnámskeiðum í rannsóknaraðferðum og tölfræði á BA stigi.

UPPBYGGING NÁMS

Námið er 120 einingar sem að jafnaði er tekið á tveimur námsárum. Á fyrra námsári munu nemendur taka sem nemur 60 einingum í námskeiðum og á seinna ári 30 einingum í lokaritgerð og 30 einingum í námskeiðum. Nemendur ljúka 44e í skyldunámskeiðum, 26e í bundu vali, 20e í frjálsum vali og 30e MA ritgerð.

HELSTU NÁMSKEIÐ

Rannsóknaraðferðir félagsvísinda (Haust)

Markmið námskeiðsins eru þrjúþætt: i) að nemendur öðlist dýpri skilning á rannsóknarferlinu og helstu rannsóknaraðferðum, ii) að nemendur fái þjálfun í því að kynna sér og leggja sjálfstætt mat á fyrirliggjandi rannsóknir og iii) að nemendur fái þjálfun í því að setja fram rannsóknarspurningar með hliðsjón af kenningarlegri umræðu og fyrirliggjandi rannsóknnum.

Aðhvarfsgreining (Haust)

Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist skilning og verklega færni til að beita aðhvarfsgreiningu á eigin spýtur. Fjallað er um þau afbrigði aðhvarfsgreiningar sem hvað oftast eru notuð í rannsóknnum á sviði félagsvísinda.

Aðhvarfsgreining II (Vor)

Námskeiðið er áframhaldandi umfjöllun um aðhvarfsgreiningu. Unnið er með háðar breytur sem eru tvíflokkar (binary logistic regression), raðbreytur (ordinal regression) eða margflokka (multinomial regression).

Eigindlegar rannsóknaraðferðir I (Haust)

Í námskeiðinu er fjallað um sögu hinnar eigindlega rannsóknarhefðar. Fjallað er um helstu einkenni eigindlegra rannsókna og við hvaða aðstæður slíkar aðferðir henta best. Nemendur vinna sjálfstætt rannsóknarverkefni þar sem þeir beita eigindlegri aðferð.

Spurningalistakannanir (Vor)

Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist skilning og verklega færni til að hanna og framkvæma spurningalistakannanir. Fjallað er um úrtaksaðferðir, tegundir kannana (símakönnun, netkönnun o.s.frv.) og spurningalistagerð. Enn fremur læra nemendur sértæka tölfræði til þess að þróa mælitæki (þáttagreiningu og atriðagreiningu).

Framsetning rannsóknarniðurstaðna

Í þessari málstofu er fjallað um framsetningu rannsóknarniðurstaðna. Fjallað er um mismunandi form birtinga (skýrslur, fræðigreinar, bókarkafar o.fl.). Einnig er fjallað um uppsetningu eigindlegra og megindlegra rannsóknarniðurstaðna (gröf, töflur o.fl.). Nemendur fá verklega reynslu.

Önnur námskeið

Ethics of Science and Research, Eigindlegar rannsóknaraðferðir II, Fjármálatölfræði, Lýðfræði og Vettvangsaðferðir.



Tómas Bjarnason, sviðsstjóri starfsmannarannsóknna hjá Capacent.

„Stór hluti af mínu starfi hjá Capacent felst í öflun, greiningu og framsetningu upplýsinga. Þar reynir einnig á hæfni til að geta metið gæði upplýsinga með gagnrýnum hætti. Aðferðafræði félagsvísinda veitti mér góðan grunn að byggja á í mínu starfi. Aðferðafræðinámið við Háskóla Íslands reyndist einnig góður undirbúningur undir framhaldsnám og veitti mér forskot á aðra nemendur á því sviði þegar ég fór til náms erlendis.“

HÆFNIVIÐMIÐ

Þekking

Við útskrift skal nemandi búa yfir þekkingu á aðferðafræði félagsvísinda.

Í því felst að nemandi:

- þekki mismunandi aðferðir, styrkleika þeirra og veikleika og helstu álitamál í beitingu mismunandi aðferða
- hafi og geti aflað þekkingar með mismunandi rannsóknaraðferðum
- geti fært rök fyrir val á rannsóknaraðferð
- geti rætt um mismunandi aðferðir í fræðilegu samhengi á sínu sérsviði
- hafi þekkingu á siðfræði vísinda

Leikni

Við útskrift getur nemandi beitt mismunandi aðferðum félagsvísinda í öflun og miðlun þekkingar.

Í því felst að nemandi:

- hafi kunnáttu til þess að greina og miðla tölulegum upplýsingum
- geti skilið og tekist á við flókin og einföld rannsóknarverkefni í faglegu samhengi
- geti nýtt þekkingu sína og skilning í rannsóknarvinnu
- hafi náð tökum á viðeigandi hugbúnaði
- geti aflað, greint og metið gæði vísindalegra gagna
- sýni frumleika í skipulagi og framkvæmd rannsókna
- geti nýtt þekkingu sína, skilning og úrlausnarhæfni við nýjar og ókunnuglegar aðstæður eða í þverfaglegu samhengi fræðigreinar
- geti þróað verkefni og sett í samhengi með aðferðum byggðum á kenningum sérsviðs fræðigreinar og/eða tilrauna
- hafi getu til að samþætta þekkingu, eiga við flókin viðfangsefni og setja fram skoðun út frá tiltækum upplýsingum
- geti beitt rannsóknaraðferðum með árangri og framkvæmt rannsóknarverkefni
- sé læs á rannsóknir og niðurstöður þeirra



Ágúst Mogensen, rannsóknarstjóri hjá Rannsóknanefnd samgönguslysa

„Ég bý að góðum grunni í aðferðafræði félagsvísinda úr námi við Háskóla Íslands. Í starfi mínu í dag fæst ég m.a. við að greina orsakir umferðarslysa og gera tillögur að bættu öryggi vegfarenda. Þá er mikilvægt að hafa þekkingu á tölfræði og geta greint marktækar breytingar. Að öðrum kosti er hættu á að forgangsróðun verði röng og fé misvarið.“

Eigindleg aðferðafræði hefur ekki síður verið gagnleg, til dæmis þegar taka þarf viðtöl við fólk sem hefur átt aðild að umferðarslysum.“

Hæfni

Við útskrift geti nemandi hagnýtt þekkingu sína og leikni í starfi og/eða frekara námi.

Í því felst að nemandi:

- hafi þróað með sér nauðsynlega námshæfni og sjálfstæð vinnubrögð til að geta tekist á við frekara nám
- geti greint frá flóknum fræðilegum viðfangsefnum og/eða fræðilega rökstuddum niðurstöðum, einn eða í samstarfi við aðra, í áheyrn sérfræðinga og almennings
- hafi hæfni til að setja fram og lýsa fræðilegum atriðum og rannsóknarniðurstöðum á erlendu tungumáli
- geti tekið sjálfstæðar, faglegar ákvarðanir og rökstutt þær
- geti miðlað niðurstöðum rannsókna



KENNARAR

Stefán Hrafn Jónsson, PhD. Dósent í félagsfræði

Sólrún Sigvaldadóttir, MA í félagsfræði

Viðar Halldórsson, PhD. Lektor í félagsfræði

Thamar Heijstra, PhD. Aðjúntk í félagsfræði

Jón Gunnar Bernburg, PhD. Prófessor í félagsfræði

Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, PhD. Forstöðumaður Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands.



Frá vinstri:

Stefán Hrafn Jónsson, Sólrún Sigvaldadóttir, Viðar Halldórsson, Thamar Heijstra, Jón Gunnar Bernburg og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir.



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGS- OG MANNVÍSINDAEILD

Félags- og mannvísindaeild · Gimli v/Sæmundargötu · 101 Reykjavík · sími: 525 5444 · fom@hi.is · www.felagsogmannvísindaeild.hi.is
